

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júlí 2020, nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Þorlákshafnar. Deiliskipulagið setur skýra skilmála um hafnarstarfsemina, vöxt og þróun hennar í ljósi nýrra aðstæðna. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur eldra deiliskipulag hluta svæðisins úr gildi. Það var birt í B-deild Stjórnartíðinda 2. desember 2008 með auglýsingu nr. 1093/2008.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 23. október 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. október 2020